

leghálskrabbameini vegna þess að aldrei hefur verið sýnt fram á gagnsemi hennar hjá einkennalausum konum. Formenn allra norrænu kvensjúkdómafélaganna eru sömu skoðunar. Bandaríska kvensjúkdómafélagið (*American College of Obstetricians and Gynecologists*) er einnig á sömu skoðun.

14. HPV-mælingar hafa verið aðgengilegar á Landspítala að minnsta kosti frá árinu 2008 og stefnt er að tilraunamælingum í samvinnu Krabbameinsfélagsins og Landspítala á næstu vikum.
15. Að tillögu Krabbameinsfélags Íslands hefur velferðarráðuneytið óskað eftir því við Embætti landlæknis að tilnefndur verði hópur sérfræðinga til að gera heildarendurskoðun á brjóstakrabbameinsleit og leghálskrabbameinsleit.

Breytingarnar sem gerðar voru á leghálskrabbameinsleitinni 1. janúar 2014 eru í samræmi við bestu læknisfræðilega þekkingu og eru studdar af öllum sérfræðingum í illkynja kvensjúkdómum á Landspítala. Röksemdir fyrir breytingunum standast því faglega.

Ekki hefur verið sýnt fram á fagleg rök fyrir samhæfingu brjóst- og leghálskrabbameinsleitar og leit er hvergi skipulögð þannig.

Helsta áskorunin nú er að fræða konur þannig að þær geti tekið upplýsta ákvörðun um að leghálskrabbameinsleit er sjálfsögð heilsuvernd. Einnig ættu ungar konur að íhuga bólusetningu gegn HPV. Regluleg mæting í leghálskrabbameinsleit getur nánast í öllum tilvikum komið í veg fyrir leghálskrabbamein.

## Við styðjum breytt skipulag leghálskrabbameinsleitar

Um síðustu áramót varð sú breyting á þjónustu Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands að nú býðst öllum konum á aldrinum frá 23 ára til 65 ára að koma í leghálskrabbameinsleit á þriggja ára fresti, en áður var leitað á tveggja ára fresti hjá konum á aldursbilinu frá 20 ára til 40 ára og fjögurra ára fresti frá 41-69 ára. Breytingar þessar byggja á miklum rannsóknnum sem gerðar hafa verið á hópleit vegna leghálskrabbameins þar sem áhersla er lögð á að ná jafnvægi milli þess að finna sem flestar forstigsbreytingar og minnka jafnframt óþarfa inngrip. Hér fylgir Ísland í fótspor Norðurlandanna og annarra vestrænna þjóða.

Við undirrituð styðjum þessar breytingar á skipulagi leghálskrabbameinsleitar. Við viljum hvetja konur til að mæta í hópleitina en flest leghálskrabbamein greinast hjá konum sem hafa mætt stopult í leitina. Einnig viljum við hvetja til bólusetningar gegn HPV, en bólusetningin minnkar verulega líkur á leghálskrabbameini.

Katrín Kristjánsdóttir  
Karl Ólafsson  
Elísabet A. Helgadóttir  
Ásgeir Thoroddsen  
Anna Þ. Salvarsdóttir

Höfundar eru sérfræðingar í krabbameinslækningum kvenna.